



Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 14. janúar 2019

**Efni: Frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs, 417. mál.**

Vísað er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 13. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp.

Umboðsmaður barna sendi einnig inn umsögn þegar áform um frumvarp til laga um samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsmála voru tilkynnt á samráðsgáttinni þann 27. september 2018 og jafnframt þegar drög að framangreindu frumvarpi voru birt á samráðgáttinni til samráðs þann 22. október 2018.

Í Barnasáttmálanum, sbr. lög nr. 19/2013 er að finna sérstaka áherslu á vernd barna gegn ofbeldi í 19. gr. sáttmálans. Þá er í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrá nr. 33/1944 áréttáð að börnum skuli tryggð í lögum sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Í því felst m.a. að nauðsynlegt er að tryggja börnum fullnægjandi vernd gegn hvers kyns ofbeldi með lögum. Slíkt er einnig í samræmi við 3. gr. Barnasáttmálans sem kveður á um skyldu aðildarríkis að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir á sviði löggjafar og stjórnsýslu til að tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst. Markmið laganna er m.a. að börn og unglingar geti lagt stund á íþróttá- og æskulýðsstarf í öruggu umhverfi og leitað sér aðstoðar eða réttar síns vegna atvika og misgerða sem upp koma án ótta við afleiðingarnar. Umboðsmaður barna fagnar því frumvarpinu og vonar að það nái fram að ganga en vill jafnframt benda á nokkur atriði.

Umboðsmaður barna telur mikilvægt að leitað sé álits barna og unglunga á frumvarpinu og taka tillit til athugasemda þeirra þar sem stór hluti barna stundar íþróttir eða tekur þátt í æskulýðsstarfi af einhverju tagi. Börn og unglingar þekkja því málaflokkinn vel af eigin reynslu en umboðsmaður barna hvatti til þess með bréfi til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 16. janúar 2018, að leitað yrði til barna við gerð skýrslunnar sem frumvarp þetta byggir á. Í bréfinu var bent á mikilvægi þess að börn væru með í ráðum þegar aðgerðaráætlun starfshópsins yrði mótuð í samræmi við 12. gr. Barnasáttmálans. Samkvæmt skýrslu starfshópsins virðist ekkert samráð verið haft við börn þrátt fyrir hvatningu umboðsmanns og er það miður. Þá telur umboðsmaður brýnt að áhersla sé lögð á að tryggt verði að sú þjónusta og aðstoð sem samskiptaráðgjafinn veitir verði sérstaklega aðgengileg fyrir börn og unglunga.

Hvað varðar 7. gr. frumvarpsins um þagnarskyldu vill umboðsmaður barna sérstaklega vekja athygli á orðalagi 2. mgr. 7. gr. frumvarpsins. Þar kemur fram „Samþykki þess sem til hans leitar og eftir atvikum forráðamanns leysir samskiptaráðgjafa íþróttá- og æskulýðsstarfs undan þagnarskyldu.“ Samkvæmt athugasemdum í greinargerð við 7. gr. kemur fram að greinin sé

orðuð með þeim hætti að „aldrei eigi að veita undanþágu frá þagnarskyldu ef barn er ekki samþykkt því, sama á hvaða aldri barnið er, enda taki tilkynningarskylda barnaverndar á málum sem nauðsynlegt er að grípa inn í og veita barninu viðeigandi aðstoð með einhverju hætti.“ Greinargerðin er því skýrari og gengur lengra en texti frumvarpsins. Að mati umboðsmanns barna færi betur á því að orða greinina með þeim hætti að krafist sé samþykkis þess barns sem í hlut á og eftir atvikum forsjáraðila til að aflétta þagnarskyldunni. Gera má ráð fyrir að í einhverjum tilvikum sé það ekki barnið sjálft sem leiti til samskiptaráðgjafans, heldur einhver annar fyrir hönd þess. Þá væri hægt að skilja greinina á þann hátt að samþykki þess aðila sem leiti til samskiptaráðgjafans þyrfti til að aflétta þagnarskyldu og eftir atvikum forsjáraðila en ekki barnsins sem í hlut á.

Að lokum vill umboðsmaður einnig koma á framfæri athugasemd við orðalag í frumvarpinu þar sem hugtakið „fórráðamaður“ kemur iðulega fyrir. Talsvert er síðan löggjafinn tók afstöðu til þess að nota hugtakið „forsjá“ og „forsjáraðili“ í stað fórráðamanns. Hugmyndin með því var að leggja áherslu á umönnunar- og verndarþátt foreldraskyldna. Réttara væri því að nota orðið „forsjáraðili“ í stað „fórráðamaður“ þegar svo á við.

Virðingarfyllt,  
Salvör Nordal,  
umboðsmaður barna